

L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971,
um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „151 brúttórúmllest að stærð“ í a-lið og b-lið 17. gr. laganna komi orðin: 131 brúttórúmllest að stærð.

Fjárhæðir 17. gr. laganna breytist þannig, að í a-lið 1. mgr. komi 320 krónur í stað 120 króna, í b-lið 1. mgr. komi 240 krónur í stað 100 króna og í 2. og 3. mgr. komi 150 krónur í stað 85 króna.

Síðasta málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr., skulu greiddast frá 1. janúar 1974 og skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærslu-vísitölu frá 1. júní 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Benedikt Sigurjónsson.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

21. maí 1974.

Nr. 54.

L Ö G

um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971,
um Framkvæmdastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarþúsins, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

2. gr.

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

- 1) Að færa þjóðhagsreikninga.
- 2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.